

**40. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 19. júní 2024, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Hrafnabjörg, byggingarleyfi - 2403004

Tekið fyrir erindi frá Býlið Hrafnabjörg slf ódagsett þar sem sótt er um leyfi fyrir 63,5 m² viðbyggingu við húsið að Hrafnabjörg mhl. 03 skv. teikningum frá Al-Hönnun ehf.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

2. Eyri og Traðir, Seyðisfirði - 2405005

Tekin fyrir fyrirspurn frá Rannveigu Ólafsdóttur um leyfi til að byggja frístundahús á jörðinni Eyri og Traðir í Seyðisfirði.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að skv. aðalskipulagi er heimild fyrir byggingu þriggja frístundahúsa á Eyri í Seyðisfirði.

Nefndin bendir á að skila þarf inn aðaluppdráttum áður en leyfi verður endanlega veitt.

Samþykkt

3. Eyrardalur 6, umsókn um lóð undir gistihús - 2202002

Tekið fyrir að nýju erindi er varðar skipulagsbreytingar við Eyrardal 7 undir gistihús.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að tímafrestur vegna heimildar til breytinga á skipulagi miðast við eitt ár. Hlutaðeiganda bent á að sækja þurfi um heimild að nýju.

Samþykkt

4. Aðalskipulag Strandabyggðar 2021-2033 - 2406001

Tekið fyrir erindi frá Strandabyggð dags. 5. júní 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Súðavíkurbrepps á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2021-2033, kynning á vinnslustigi.

Kynningartími er frá 30.5.2024 - 30.6.2024.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að Skúfnavatnavirkjun er ekki tiltekin í Aðalskipulagi Strandabyggðar 2021-2033. Í drögum að flokkun virkjunarkosta fyrir rammaáætlun er virkjunin í nýtingarflokki. Nefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við skipulagið.

Samþykkt

5. Umsagnarbeiðni við skipulagslýsingu - svæði Í9 í Dagverðardal - 2304001

Tekið fyrir erindi frá Ísafjarðarbæ er varðar umsagnarbeiðni um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, Frístundasbyggð í Dagverðardal

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við skipulagsbreytinguna.

Samþykkt

6. Langeyri stofnun lóða - 2406005

Tekið fyrir minnisblað skipulagsfulltrúa er varðar stofnun lóðar við Langeyri undir kalkpörungaverksmiðju.


Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að lóðin fái heitið Langeyrarvegur 4, byggingarfulltrúa falið að gera lóðarblað í samræmi við samning við Ískalk.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 17:45.


Anna Lind Ragnarsdóttir


Hulda Gunnarsdóttir


Valgeir Scott


Bragi Þór Thoroddsen


Jóhann Birkir Hólgason